

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. október 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-41/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 28. maí 2018 bað X, hér eftir álitseiftandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu sem keypt var af Y, hér eftir seljandi. Álitseiftandi telur þjónustuna hafa valdið sér tjóni og krefst endurgreiðslu á kostnaði við þjónustuna.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 29. maí 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitseiftinnni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Með bréfi, dags. 26. október 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitseiftanda**

Álitseiftandi kveðst hafa óskað eftir þjónustu seljanda við að þrengja sólgleraugu af gerðinni Gucci, að verðmæti um 50.000 krónur. Að sögn álitseiftanda braut starfsmaður seljanda gleraugun og neitaði að líma þau, laga, eða bæta þau þar sem gleraugun höfðu ekki verið keypt hjá seljanda. Álitseiftandi leitaði í kjölfarið til annarrar gleraugnaverslunar sem gerði við gleraugun. Krefst álitseiftandi endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði sem hún greiddi þeirri verslun að fjárhæð 15.900 krónur þann 23. maí 2018.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiftanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Seljandi hefur ekki sent inn andsvör til kæruneftndarinnar og verður því að byggja á upplýsingum frá álitseiftanda um atvik málsins. Líkt og að framan er rakið óskaði álitseiftandi eftir þjónustu hjá seljanda sem fólst í því að þrengja sólgleraugu af gerðinni Gucci. Starfsmaður seljanda braut hins vegar sólgleraugun og neitaði síðar að laga eða bæta þau. Álitseiftandi fór því í aðra gleraugnaverslun þar sem gert var við sólgleraugun fyrir 15.900 krónur. Álitseiftandi óskaði síðar eftir því að seljandi endurgreiddi sér kostnað við þá viðgerð en seljandi neitaði.

Ákvæði 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda ef tjón verður á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„25. gr. Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“*

Starfsmaður seljanda olli tjóni á sólgleraugum álitsbeiðanda og bætti ekki úr því tjóni þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi óskað eftir því. Álítur kærunefndin að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda 15.900 krónur í skaðabætur vegna útlagðs kostnaðar álitsbeiðanda af viðgerð á sólgleraugunum.

V

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, 15.900 krónur.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson